

Fundargerð 407

Þriðjudaginn 10. september 2013 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í húsnæði Háskólans á Akureyri að Borgum. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Guðmundur R. Gíslason, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ólöf Hallgrímsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Sigurður Árnason, sérfræðingur á þróunarsviði og Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:03 og bauð stjórnarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samstarfsskvóti (1.800 tonninn)
 - Greining sjávarbyggða
 - Úthlutun samstarfsskvóta á byggðarlög
 - Reglur um úthlutun og meðferð samstarfsskvóta
 - Umsóknareyðublað og mat umsókna
 - Auglýsing
 - Næstu skref
3. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 406 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Samstarfsskvóti

Greining sjávarbyggða

Formaður og AÞ fóru yfir stöðu málsins og báðu síðan Sigurð Árnason að gera grein fyrir framlögðum gögnum. Hann fór yfir greiningu starfsmanna Byggðastofnunar á þeim sjávarbyggðum sem taldir eru geta komið til greina, eftir umfjöllun á síðasta stjórnarfund, við úthlutun á 1.800 þorskígildistonna byggðakvóta sem stofnuninni hefur verið falið að úthluta skv. lögum nr. 82/2013.

Úthlutun samstarfsskvóta á byggðarlög

Rætt um hvaða byggðarlög koma til greina í ljósi fyrirbyggjandi greiningar sem unnin er af starfsfólki Byggðastofnunar að fengnum upplýsingum m.a. frá atvinnuþróunarfélögum og sveitarfélögum.

Eftir yfirferð á greiningunni samþykkir stjórn að leita eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu í sjávarútvegi í til 4 til 6 eftirtalinna byggðarlaga; Breiðdalsvíkur, Drangness, Flateyrar, Raufarhafnar, Suðureyrar og Tálknafjarðar.

Reglur um úthlutun og meðferð samstarfsskvóta

AÐ lagði fram drög að reglum um úthlutun og meðferð samstarfsvóta í 10 greinum. Farið yfir drögin lið fyrir lið.

Formanni og forstjóra falið að ganga endanlega frá reglunum og senda á stjórnina.

Umsóknareyðublað og mat umsókna

SÁ gerði grein fyrir umsóknareyðublaði um samstarfsvóta sem og eyðublaði fyrir mat á umsóknum. Farið yfir form og texta umsóknareyðublaðsins og eyðublaðið fyrir mat á umsóknunum.

Auglýsing

AÐ fór yfir tillögu að texta auglýsingar um samstarfsvótann.

Næstu skref.

AÐ fór yfir næstu skref í málinu sem eru kynning fyrir ráðuneyti og birting auglýsingar.

3. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 9. október á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40.

Snorri Björn Sigurðsson, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
